Námsáætlun Seljaskóla veturinn 2026-2027

SELJASKÓLI

Heiti verkefnis eða námsgreinar:		Íslenska	
Árgangur:	**9. bekkur**	**Námsgrein**	**íslenska**
Tímabil:	**2026-2027**	**Kennarar:**	**Gunnhildur B. Ívarsdóttir, Guðrún Sesselja Sigurðardóttir og Jóhanna Hildur Hansen**

Lykilhæfni:

- Tekið upplýsta afstöðu til gagna og upplýsinga, dregið ályktanir og túlkað þær.
- Sýnt frumkvæði, sjálfstæði og ábyrgð í vinnubrögðum.
- nýtt sér leiðsögn, endurgjöf og gagnrýni á uppbyggilegan hátt.
- Skipulagt, ígrundað og borið ábyrgð á eigin námi.
- Rökrætt álitamál frá ólíkum sjónarhornum.
- Tileinkað sér og nýtt fjölbreyttan orðaforða og viðeigandi hugtök sem tengjast ólíkum viðfangsefnum.
- Spurt gagnrýninna spurning og nýtt þær í rannsóknum sínum.

Valið traustar heimildir og sett upplýsingar fram með ólíkum hætti eftir því sem við á hverju sinni á siðferðilegan ábyrgan hátt.

- **Hæfniviðmið:**

  Talað mál, hlustun og áhorf

- **Framsögn:** Að nemandi geti flutt mál sitt skýrt og áheyrilega með viðeigandi talhraða, tónfalli, áherslum og fasi.
- **Nýting miðla:** Að nemandi geti nýtt sér fjölbreytta hljóð- og myndmiðla til upplýsingar og afþreyingar og tekið afstöðu til þess sem þar er birt.
- **Tjáning:** Að nemandi geti miðlað þekkingu sinni og reynslu, tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim með fjölbreyttum leiðum.
- **Hlustun og áhorf:** Að nemandi geti horft á, hlustað og tekið eftir upplýsingum í fjölbreyttu efni og greint og miðlað innihaldi þess á gagnrýninn hátt.

  Lestur og lesskilningur

- **Lesfimi:** Að nemandi geti lesið fjölbreytta texta af öryggi, í góðu flæði og í viðeigandi hendingum og með tjáningu í samræmi við aðstæður hverju sinni.
- **Lesskilningur:** Að nemandi geti skilið og fjallað um fjölbreytta texta, greint þá og borið saman á margvíslegan hátt og lagt rökstutt og gagnrýnið mat á inntak þeirra og eiginleika.

- **Lestraraðferðir**: Að nemandi geti valið og beitt fjölbreyttum lestraraðferðum sem hæfa tilgangi og viðfangsefni hverju sinni.
- **Lestrarmenning:** Að nemandi geti valið og lesið sér til gagns og ánægju fjölbreytta texta, unnið með efni þeirra á fjölbreyttan hátt og miðlað til annarra.
- **Orðaforði:** Að nemandi geti beitt ríkulegum orðaforða, fyrri þekkingu og reynslu til að mynda samhengi og skilning í lestri og notað fjölbreyttar aðferðir til að efla orðaforða sinn.

Bókmenntir

- **Lestur og túlkun bókmennta:** Að nemandi geti lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir.
- **Ljóð:** Að nemandi geti notað algeng bókmenntahugtök í umfjöllun um bundið mál og óbundið og lesið og túlkað fjölbreytt ljóð frá ýmsum tímum.
- **Bókmenntagreining:** Að nemandi geti beitt algengum hugtökum í bókmenntafræði við greiningu og umfjöllun um fjölbreyttar bókmenntir frá ýmsum tímum.
- **Bókmenntaarfurinn:** Að nemandi geti lesið og skilið texta frá fyrri tímum, áttað sig á því að þeir mótist af sögulegu samhengi og borið saman við eigin samtíð.

Ritun

- **Skrift og frágangur:** Að nemandi geti haft vald á ólíkum leiðum til að miðla rituðu máli og getur valið þá leið sem hentar tilgangi og lesendum.
- **Tjáning í texta:** Að nemandi geti samið fjölbreyttan texta til að tjá hugmyndir, skoðanir, reynslu og sköpunarkraft, metið og endurbætt með hliðsjón af gagnrýni og hjálpargögnum.
- **Heimildir:** Að nemandi geti vísað til heimilda og skráð þær eftir viðeigandi reglum.
- **Uppbygging texta:** Að nemandi geti skrifað texta þar sem efnisatriðum er skipað í röklegt samhengi, góður þráður er á milli efnisgreina og kaflaskipting er skýr.
- **Stafsetning og greinarmerkjasetning:** Að nemandi geti beitt helstu atriðum stafsetningar og greinarmerkjasetningar og notað til þess reglur um réttritun og önnur hjálpartæki.

- **Textategundir og málnotkun:** Að nemandi geti beitt ríkulegu tungutaki, fjölbreyttum orðaforða og málsniði í texta eftir því hver tilgangur skrifanna er, fyrir hvaða viðtakendur er skrifað og hvaða birtingarform er valið.
- **Leiðsögn:** Að nemandi geti nýtt sér leiðsögn, endurgjöf og gagnrýni á uppbyggilegan hátt.

Mál og málnotkun

- **Einkenni máls:** Að nemandi geti beitt málfræðiþekkingu sinni í umræðu um tungumálið, þróun og einkenni þess og nýtt hana í eigin málnotkun.
- **Orðtök og málshættir:** Að nemandi geti beitt fleygum orðum, algengum orðtökum, málsháttum og föstum orðasamböndum í máli sínu.
- **Orðflokkar:** Að nemandi geti áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum sagnorða.
- **Fjölbreytt málnotkun:** Að nemandi geti áttað sig á fjölbreyttum tilbrigðum í orðaforða og málnotkun og beitt mismunandi málsniði eftir efni og tilefni í ræðu og riti.
- **Gögn og hjálpartæki:** Að nemandi geti nýtt fjölbreytt hjálpartæki til að afla sér upplýsinga um tungumálið og styðja við notkun þess.
- **Orðflokkar:** Að nemandi geti áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum óbeygjanlegra orða.
- **Sköpunarkraftur:** Að nemandi geti áttað sig á og beitt sköpunarmætti tungumálsins og nýtt það m.a. við ritun, tal, nýyrðasmíð, í orðaleikjum og skáldskap.
- **Orðflokkar:** Að nemandi þekki og geti unnið með myndir og hætti sagna.

Lýsing og kennsluaðferðir:

Talað mál, hlustun, áhorf:

Nemendur vinna verkefni tengd íslenskum og erlendum bókmenntum sem og Íslendingasögum. Unnið er að því að nemendur geti flutt mál sitt skýrt og áheyrilega, og geti fært rök fyrir skoðun sinni í ræðu og riti. Nemendur nota aðferðir sem þeir hafa lært á námsferlinum til þess að taka virkan þátt í verkefnavinnu, samræðum og rökræðum. Stafrænir miðlar, svo sem fjölmiðlar, útvarp, sjónvarp og rafrænt efni er nýtt í íslenskukennslu 9. bekkjar.

Lestur og lesskilningur:

Sameiginlegar lestrarbækur eru bækur sem lesnar eru af öllum nemendum samtímis og samhliða lestri vinna nemendur fjölbreytt verkefni byggð á bókunum. Nemendur lesa eina kjörbók yfir veturinn og vinna kjörbókarritgerð upp úr kjörbókinni.

Námsáætlun Seljaskóla veturinn 2026-2027

SELJASKÓLI

Bókmenntir:

Lesnar eru fjórar skáldsögur yfir skólaárið og ein fornsaga. Unnið er með þær á ólíkan hátt. Nemendur fá kennslu í bragfræði- og bókmenntahugtökum og vinna ljóðaverkefni samhliða henni.

Ritun:

Ritun og málnotkun er viðhaldið og þekking aukin í gegnum ýmis ritunarverkefni t.d. kjörbókarritgerð og lokaverkefni í Akam, ég og Annika. Stefnt er að því að nemendur nái tökum á skipulögðum vinnubrögðum við ritun og geti m.a. skipað efnisatriðum í rökrétt samhengi, beitt ritvinnslu af öryggi og notast við reglur um réttritun. Við ritun í 9. bekk er lögð áhersla á að vísa rétt til heimilda og að nemendur geri sér grein fyrir mikilvægi reglna er gilda um heimildaskráningu og framsetningu texta. Rifjaðar eru upp helstu reglur í stafsetningu.

Málfræði:

Unnið er með sagnorð og óbeygjanleg orð. Nemendur fá kynningu á orðhlutafræði auk þess sem málfræðikennsla fléttast inn í allt námsefni annarinnar.

Helstu kennsluaðferðir eru innlagnir, einstaklingsvinna, hópavinna og umræður.

Námsgögn:

- Laxdæla, Úr myrkrinu, Bettý, Akam, ég og Annika og kjörbók.
- Ljóðaverkefni frá kennara.
- Málfræðihefti
- Íslenskir sjónvarpsþættir og kvikmyndir
- Glærur og annað ítarefni frá kennara

Námsmat/skil á verkefnum:

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskóla liggja til grundvallar námsmats. Mat birtist reglulega yfir veturinn á hæfnikorti hvers nemanda. Hæfni nemenda er metin út frá kvarðanum A, B+, B, C+, C, D. Símat ávallt í gangi sem og leiðsagnarmat.

- Metin eru verkefni tengd áhorfi.
- Könnun/próf: Málfræði.
- Bókmenntir: Metin eru verkefni úr öllum bókum og lesskilningspróf.
- Ritunarverkefni m.a. úr Akam, ég og Annika og kjörbók.
- Framsögn metin t.d. á ljóðaverkefni.
- Stafsetningarupplestur.

<u>Símat ávallt í gangi sem og leiðsagnarmat.</u>

Námsáætlun Seljaskóla veturinn 2026-2027

SELJASKÓLI

Áætlun með fyrirvara um breytingar:

Ágúst	
24. – 28. ***24. skólasetning***	• **Kynning – bækur afhentar** • **<u>Hringekja 1. hringur</u>** • **Akam ég og Annika** • **Úr myrkrinu** • **Bettý**
September	
31. ágúst - 4. sept.	• **Akam ég og Annika** • **Úr myrkrinu** • **Bettý**
7. - 11. ***8. dagur læsis***	• **Akam ég og Annika** • **Úr myrkrinu** • **Bettý**
14. - 18. ***Námskynningar***	• **Akam ég og Annika** • **Úr myrkrinu** • **Bettý**
21. – 25. ***26. evrópski tungumáladagurinn***	• **Akam ég og Annika - Lokaverkefni** • **Úr myrkrinu - Lokaverkefni** • **Bettý - Lokaverkefni**
Október	
28. sept. - 2. október ***30. skipulagsdagur***	• **MÍM Sagnorð, reglubók hjálparsögn, aðal- aukasagnir** • **MÍM á Classroom - hjálparsögn, aðal- aukasagnir** • **MÍM Sagnorð, reglubók, myndir sagna** • **MÍM á Classroom - myndir sagna**
5. – 9.	• **MÍM Sagnorð, reglubók, hættir sagna** • **MÍM á Classroom - hættir sagna**
12. - 16.	• **MÍM á Classroom - hættir sagna** • **Próf úr myndum og háttum sagna**

19. – 23. ***20. foreldraviðtöl*** ***22. og 23. vetrarleyfi***	• **MÍM Sagnorð, reglubók, veikar/sterkar sagnir, kennimyndir** • **MÍM á Classroom - veikar/sterkar og kennimyndir**
26. – 30.október ***26. vetrarleyfi***	• **Sagnorð - Lokapróf** • **Hringekja 2. hringur** • **Akam ég og Annika** • **Úr myrkrinu** • **Bettý**
Nóvember	
2. – 6.	• **Akam ég og Annika** • **Úr myrkrinu** • **Bettý**
9. – 13. ***12. SÁTTardagur***	• **Akam ég og Annika** • **Úr myrkrinu** • **Bettý**
16. – 20. ***16. dagur íslenskrar tungu*** ***20. skipulagsdagur***	• **Akam ég og Annika** • **Úr myrkrinu** • **Bettý**
23. – 27. ***27. skreytingadagur***	• **Akam ég og Annika** • **Úr myrkrinu** • **Bettý**
Desember	
30.nóv. – 4. des ***1. fullveldisdagurinn***	• **Akam ég og Annika - Lokaverkefni** • **Úr myrkrinu - Lokaverkefni** • **Bettý - Lokaverkefni**
7. – 11.	• **Orðhlutafræði** • **Orðhlutafræði - Próf**
14. – 18. ***18. jólaskemmtanir***	• **Áhorf - Hraunið**

Námsáætlun Seljaskóla veturinn 2026-2027

Janúar	
5. – 8. ***5. kennsla hefst***	• **<u>Hringekja 3. hringur</u>** • **Akam ég og Annika** • **Úr myrkrinu** • **Bettý**
11. – 15. ***11. skipulagsdagur*** ***15. annarskil***	• **Akam ég og Annika** • **Úr myrkrinu** • **Bettý**
18. – 22. ***22. bóndadagur***	• **Akam ég og Annika** • **Úr myrkrinu** • **Bettý**
25. – 29.	• **Akam ég og Annika** • **Úr myrkrinu** • **Bettý**
Febrúar	
1. – 5. ***2. foreldraviðtöl***	• **Akam ég og Annika - Lokaverkefni** • **Úr myrkrinu - Lokaverkefni** • **Bettý - Lokaverkefni**
8 – 12. ***8. bolludagur*** ***9. sprengidagur*** ***10. öskudagur*** ***11. dagur íslenska táknmálsins***	• **MÍM Óbeygjanleg orð, reglubók, nafnháttarmerki, upphrópanir, forsetningar** • **MÍM Classroom - nafnháttarmerki, upphrópanir, forsetningar** • **Sækja kjörbækur á bókasafn**
15. – 19. ***21. konudagur***	• **MÍM Óbeygjanleg orð, reglubók, samtengingar, atviksorð** • **MÍM Classroom - samtengingar, atviksorð** • **Kjörbók 40 bls. sjálfstæður lestur á viku**
22. – 26. ***22. og 23. vetrarleyfi***	• **MÍM Óbeygjanleg orð, reglubók atviksorð/forsetning/samtenging og atviksorð/lýsingarorð** • **MÍM Classroom - samtengingar, atviksorð**

	• **Kjörbók 40 bls. sjálfstæður lestur á viku**
Mars	
1. - 5. ***1.-3. þemadagar*** ***4. árshátíð unglingadeildar***	• **MÍM Óbeygjanleg orð - Próf** • **Kjörbók 40 bls. sjálfstæður lestur á viku**
8. – 12. ***10. opinn dagur***	• **Kjörbók** • **Kjörbókarlestur á að vera búinn 12. mars**
15. - 19.	• **Kjörbók - vinna í ritgerð - Fyrri skil 19. mars**
22. - 29. ***Páskaleyfi*** ***29. annar í páskum***	• **Páskafrí**
Apríl	
30.mars - 2.april	• **Kjörbók - vinna í ritgerð** • **Kjörbók - vinna í ritgerð - Lokaskil 2. apríl** •
5. - 9.	• **Ljóð - glósur** • **Ljóð - hefti**
12. – 16.	• **Ljóð og dægurlög**
19. – 23. ***22. sumardagurinn fyrsti*** ***23. umhverfisdagur***	• **Ljóð og dægurlög - kynningar**
26. – 30. ***27. Starfsdagur - menntastefnumót***	• **Bókmenntahugtök í Íslendingasögunum** • **Laxdæla bls. 1-31 (kaflar 1-7)**
Maí	
3. - 7. ***6. uppstigningardagur***	• **Laxdæla bls. 32-59 (kaflar 8-16)**
10. – 14.	• **Laxdæla Krossapróf bls. 1-58 (kaflar 1-16)**

	• **Laxdæla bls. 60-88 (kaflar 17-26)**
17. - 21. ***17. Annar í hvítasunnu*** ***20. vorhátíð***	• **Laxdæla bls. 89-119 (kaflar 27-34)** • **Laxdæla Krossapróf bls. 60-119 (kaflar 17-34)**
24. – 28. ***27. starfsdagur***	• **Laxdæla - Lokaverkefni**
Júní	
31.maí – 4. júní ***31. maí - 2. júní*** ***10. bekkur í útskriftarferð*** ***3. 4. þemadagar***	• **Stafsetning - reglur** • **Stafsetning - upplestur** • **Þemadagar**
7. - 10. júní ***7. þemadagur*** ***8. vorferðardagur*** ***9. útivistardagur/ útskrift í 10. bekk*** ***10. skólaslit***	• **Þemadagur** • **Skil á bókum**